



Skipulagið er komið út í bílskúr: Fjölskyldulíf, heimanám og COVID-19

Annadís Greta Rúdólfsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Markmið þessarar rannsóknar var að greina kynjaðar hugmyndir þátttakenda um uppeldishlutverk foreldra sem birtast í sögum um heimanám barna á tímum COVID-19. Gögnum var safnað með sögulokaaðferð í apríl 2020, en þá hafði neyðarstigi verið lýst yfir á Íslandi. Þátttakendur fengu upphaf að sögu sem þeir áttu að ljúka. Þar var söguhetjan ýmist móðir eða faðir sem þurfti að sinna heimanámi með börnum sínum í samkomubanni. Auglýst var eftir þátttakendum á samfélagsmiðlum. Meirihluti þeirra sem tóku þátt voru menntaðar millistéttarkonur og endurspeglar rannsóknin því einkum sjónarhorn þeirra. Alls voru 97 sögur greindar með ígrundaðri þemagreiningu. Fræðilega sjónarhornið var femínískt, þ.e. þemu voru sett í samhengi við ríkjandi orðræður um foreldrahlutverkið í samtímamenningu og skoðað hvernig kynjuð hlutverk afmörkuðu tækifæri og forgangsöröðun sögupersóna. Í sögunum var einkum tekist á við orðræðu nýfrjálshyggjunnar um skipulagða foreldrið sem nýtir hvert tækifæri til að hámarka reynslu barnsins svo það verði skilvirkur þegn samfélagsins. Þrjú meginþemu voru greind: (1) Togstreitan um tímann. Þar kom fram að tíminn er kynjapólitísk auðlind. Verkefnamiðuð dagskrá krefst verkstjórnar og yfirlegu sem lenda oft á herðum mæðra. (2) Glíman við heimanámið: Endurmat og (ó)sigrar. Félagssleg staða, m.a. menntun og auðmagn, hefur áhrif á hversu raunhæfar forsendur foreldri hefur til að taka að sér heimanám. Kvíði og sektarkennd fylgir því að ráða ekki við námsefnið. (3) Bugaðir foreldrar rísa upp gegn óraunhæfum kröfum. Þemað lýsir andstöðu foreldra við hamingjuhandrit nýfrjálshyggjunnar þar sem gott foreldri er sér meðvitað um alla þá áhættuþætti sem hafa áhrif á velferð barnsins. Hamingjuna má finna í heimilisóreiðu og námi sem fylgir ekki dagskrá skóla heldur takti heimilisins. Niðurstöður sýna að þær aðstæður sem sköpuðust í samkomubanninu skerpa átakalínur milli heimila og samfélags og átakalínur innan heimila. Þær lýsa einnig kvíða og sektarkennd sem fylgir því að geta ekki fylgt leikreglum nýfrjálshyggjuorðræðunnar.

Efnisorð: Nýfrjálshyggja, foreldrahlutverkið, COVID-19, sögulokaaðferð

Inngangur

Markmið þessarar rannsóknar var að greina kynjaðar hugmyndir þátttakenda um uppeldishlutverk foreldra í sögum um heimanám barna á tímum COVID-19. Gögnum var safnað með sögulokaaðferð á tímabilinu 7. til 24. apríl en þá hafði neyðarstigi verið lýst yfir á Íslandi vegna kórónuveirunnar. Á þessum tíma voru íslenskar barnafjölskyldur undir miklu álagi. Samkomubann hafði verið sett á og miðað við að ekki mættu fleiri en 20 manns koma saman. Foreldrar með börn á leik- og grunnskólaaldri gátu margir hverjir ekki sent börn sín í skóla og voru foreldrar hvattir til að aðstoða börn sín með nám og skólaverkefni heima við. Ekki bætti úr skák að brýnt var fyrir landsmönnum að einstaklingar eldri en 50 ára væru í meiri hættu en aðrir að fá alvarlega sýkingu (www.covid.is) og því erfitt fyrir þá foreldra sem þurftu einnig að sinna vinnu að biðja ömmu og afa að gæta barna og sinna heimanámi þeirra. Fyrst og fremst starfsmenn í framlínustörfum fóru til vinnu utan heimilis en aðrir reyndu eftir megni að sinna starfi sínu heiman frá og jók það álagið á fjölskyldur.

Fræðilegt sjónarhorn rannsóknarinnar er femínískt en við höfðum áhuga á að skoða þær orðræður sem móta hvernig foreldrahlutverkið er skilgreint. Við höfðum þá einkum áhuga á að skoða hvernig þessar orðræður skilgreina hlutverk mæðra og feðra og hvernig þær hugmyndir tengjast valdakerfum samfélagsins. Við höfum í annarri grein rakið þær kynjuðu myndir sem foreldrahlutverkið tók á sig í þessum sögum (Auður Magnús Auðardóttir og Annadís G. Rúðólfsdóttir, 2020) og togstreituna milli heimilis og vinnu sem birtist þar. Við munum í þessari grein halda þeirri greiningu áfram en þá einkum út frá sögum þátttakenda um hlutverk foreldra við að sinna heimanámi barna á „fordæmalausum“ tímum. Meginrannsóknarspurningin er: Hvaða hugmyndir um uppeldishlutverk mæðra og feðra og heimanám barna birtast í sögum um fjölskyldulíf á tímum COVID-19? Sem fyrr greinum við gögnin með kyngervisgleraugun á nefinu en skoðum einnig afdrif söguhetjanna út frá þeirri félagslegu stöðu, t.d. hjúskaparstöðu, sem þær eru settar í í sögunum.

Í alþjóðlegri umræðu um íslenskt samfélag er mikil áhersla lögð á þann árangur sem náðst hefur til að jafna stöðu kynjanna og má segja að hugmyndin um jafnrétti kynjanna hafi orðið eins konar vörumerki fyrir Ísland (Þorgerður J. Einarsdóttir, 2020). Hið „fordæmalausa ástand“ sem skapaðist í íslensku samfélagi meðan á neyðarstiginu stóð opinberaði þó átakalínur innan heimila og milli heimila og samfélags. Þær málamiðlanir og lausnir sem þátttakendur settu fram í sögunum varpa ljósi á orðræður og hugmyndir um fjölskyldur og skyldur þeirra gagnvart börnum í íslensku nútímasamfélagi. Þessi rannsókn er innlegg í þá umræðu.

Áður en við gerum rannsókninni skil ræðum við stöðu foreldra í nútímasamfélagi og síðan hvernig sú staða hefur haft mótandi áhrif á hvernig uppeldishlutverk þeirra er skilgreint.

Staða foreldra í neyslusamfélagi nútímans

Þær orðræður sem íslenskar fjölskyldur hafa aðgang að eru um margt mótsagnakenndar. Kvinnahreyfingar hafa síðustu áratugi lagt ríka áherslu á að konur fái sömu tækifæri til að mennta sig og fóta sig á vinnumarkaðinum og karlar. Niðurgreiddir hágæða leikskólar og samfelld skólagaanga barna er einn afrakstur þeirrar baráttu og hafa gert mæðrum kleift að stunda launavinnu af þeim krafti sem þær gera nú. Á Íslandi eru flestir foreldrar útivinnandi og á það hefur verið bent að íslenskar konur vinna utan heimilis að meðaltali fleiri klukkustundir á viku en karlar í nágrannalöndum, t.d. Noregi og Bretlandi (OECD, e.d.). Á hinn bóginn búa íslenskar fjölskyldur í neyslusamfélagi sem hyglir orðræðu nýfrjálshyggjunnar. Nýfrjálshyggja er hér ekki eingöngu skoðuð sem stjórnmalaskoðun heldur sem hugmyndafræði og stjórnvaldstækni sem gegnsýrir daglegt líf alls fólks, í það minnsta í auðugri ríkjum heims (Oksala, 2013; Rose, 1989). Stjórnvaldstækni nýfrjálshyggjunnar leggur áherslu á skyldu einstaklingsins til að gera sér sem mestan mat úr þeim tækifærum sem eru til staðar. Staða fólks í samfélaginu er þá skýrð með því að vísa í upplag og vinnu einstaklingsins sem hefur lagt sig fram um að nýta sér öll möguleg tækifæri til að styrkja sjálfan sig. Pósthemínískar hugmyndir eru afsprengi nýfrjálshyggjunnar en pósthemínistar halda því fram að búið sé að ná jafnrétti í samfélaginu og því sitji allir við sama borð (McRobbie, 2009; Walkerdine, Lucey og Melody, 2001). Slíkar hugmyndir hafa einnig skotið rótum hérlendis (Guðný Gústafsdóttir, 2016; Gyða Margrét Pétursdóttir, 2009). Áhersla er lögð á að nútímaþegn sé sveigjanlegur og vakandi fyrir tækifærum (Skeggs og Wood, 2012). Hann er stöðugt að bæta sig í vinnu og heima fyrir auk þess að huga að hugarfari og útliti. Ein af leiðum stjórnvaldstækni nýfrjálshyggjunnar til að hafa áhrif á daglegt líf okkar er í gegnum orðræðu um tíma; með því að skilgreina hvað telst góð tímastjórnun, hvað telst tímasóun og hvernig við ættum að verja tíma okkar á skilvirkan hátt. Þetta á ekki eingöngu við um þátttöku í atvinnulífi eða skólastarfi. Stjórnvaldstækni nýfrjálshyggjunnar beitir nú einnig orðræðum um að rétt tímastjórnun í okkar persónulega lífi og innan heimilisins sé lykillinn að hamingjunni (Binkley, 2014). Þessar áherslur hafa átt greiða leið inn í skilgreiningar og umfjöllun um foreldrahlutverkið þar sem áherslan verður á foreldri sem framkvæmdastjóra og ofurskipulagðan neytanda sem ber ábyrgð á að velja besta skólann, hverfið, tómsundirnar, vinina og námsefnið fyrir barnið (Ball, Bowe og Gewirtz, 1996; Byrne, 2006; Olmedo og Wilkins, 2016). Hérlendis sjást þess einnig merki að foreldrahlutverkið feli nú í sér virkt val á grunnskóla og hverfi til að ala börn

upp í (Auður Magnús Auðardóttir og Kosunen, 2020; Auður Magnús Auðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2020; Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir og Kolbeinn Stefánsson, 2020). Þessi orðræða er mjög kynjuð en það er einkum hin góða og hæfa móðir sem er talin bera ábyrgð á uppeldi framtíðarþegna samfélagsins (Lee, Bristow, Faircloth og Macvarish, 2014; Reay, 1998; Walkerdine og Lucey, 1988). Þessi orðræða hyglir efri stéttar mæðrum sem hafa fleiri tækifæri til að uppfylla þessar auknu kröfur, t.a.m. með því að kaupa aðstoð við heimilishald. Mæður af verkalýðsstétt sem ekki hafa sama aðgang að upplýsingum og auðlindum til að takast á við þessar kröfur nýfrjálshyggjunnar eiga þá á hættu að vera skilgreindar sem frávik og óhæfar mæður sem sýna velferð barna sinna ekki áhuga (Gewirtz, 2001; Gillies, 2007; Rose, 1989).

Á Íslandi hefur orðræðan um hið meinta jafnrétti glapið sýn á hversu sterk tók kynjaðar orðræður hafa á hlutverki foreldra (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2009). Þó svo að karlar séu farnir að axla meiri ábyrgð á heimilinu og ungir karlar séu farnir að endurskilgreina karlmenskuna út frá föðurhlutverkinu (Ásta Jóhannsdóttir, 2018) ætlast samfélagið enn til þess að konur axli meginábyrgð á barnauppleddi og heimilishaldi (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2009). Rannsóknir þar sem menntaðar konur með góðar stöður í fyrirtækjum hafa verið í forgrunni sýna að þær eru undir meira vinnuálagi en karlar heima fyrir og hafa minni stjórn á tíma sínum (Ólöf Júlíusdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Þorgerður J. Einarsdóttir, 2018; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Ólöf Júlíusdóttir, 2018). Sams konar niðurstöður koma fram í nýlegri rannsókn á einstaklingum með doktorsgráðu á Íslandi (Staub og Rafnsdóttir, 2020). Þessar rannsóknir sýna að menntaðar konur sem eru að reyna að ná starfsframa samhliða því að vera mæður eru undir meira vinnuálagi en karlar.

Orðræða nýfrjálshyggjunnar í nútíma vestrænum ríkjum beinir sjónum frá formgerð samfélagsins þegar leitað er lausna vegna þess mikla álags sem hvílir á mæðrum sem stunda launavinnu. Þannig leggur hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar áherslu á að við beitum einstaklingsbundnum lausnum við vanda sem er í raun kerfislægur (Cabanas og Illouz, 2019). Hún hefur því svör á reiðum höndum um hvernig konur eiga að takast á við hið mikla vinnuálag. Fyrst og fremst eiga konur að vinna betur með sjálfar sig til að tryggja að þær verði ekki úrvinda. Orgid (2019) bendir á að í sjálfshjálpabókum og ýmiss konar bloggum sem einkum beinast að konum eru neikvæðar hugsanir og tilfinningar gerðar útlægar. Þess í stað eiga konur að einbeita sér að núinu og tileinka sér þakklæti og jákvæðar hugsanir. Viðbrögð kvenna við óþolandi álagi, þreytan, vonbrigðin og pirringurinn, vekur því vanlíðan þeirra. Skilaboðin eru þau að þær hugsi ekki nógu vel um sjálfar sig, hugsi ekki „réttar“ hugsanir og þess vegna séu þær úrvinda. Þær eru hvattar til að bæta sig og þroskast sem einstaklingar því að sjálfsvinnan sé lykillinn að velgengni í samfélagi nútímans. Mæður eru sér einnig vel meðvitaðar um að þeirra vinna geti skorið úr um velgengni barna þeirra í skólanum og lífinu. Laura Berlant (2011) kallar þessa drauma um velgengni í nýfrjálshyggjusamfélagi nútímans andstyggilega bjartsýni (e. cruel optimism) því að kerfislægar hindranir komi í veg fyrir að hamingjudraumarnir geti nokkurn tímann ræst. Það á ekki hvað síst við um konur sem axla bæði ábyrgð sem mæður og vilja ná árangri á vinnumarkaðinum.

Uppeldishlutverk foreldra eins og það er skilgreint í samtímaorðræðum

Í nútímasamfélagi hefur krafan um þátttöku foreldra í námi barna sinna aukist mikið. Þetta á við um öll auðug ríki heims (Vincent, 2017), einnig Ísland (Kristín Jónsdóttir, 2013) og hin Norðurlöndin (Helgøy og Homme, 2017). Almenn virðast stefnumótandi aðilar á þessu sviði ekki gera sér grein fyrir hversu ójafnt þessi vinna skiptist á milli kynja og hvernig hún kemur ólíkt við fjölskyldur eftir stétt þeirra og uppruna. Macvarish (2014) greindi hvernig uppeldisaðferðir foreldra og samskipti innan fjölskyldna hafa æ meir lent undir smásjá af ríkisvaldinu í Bretlandi. Foreldrar sem ekki þykja hafa sýnt nógu góða foreldrahæfni, t.d. vegna þess að börn þeirra hafa skrópað í skóla, hafa verið skyldaðir á námskeið og hefur það verið rökstutt með því að verið sé að tryggja að þeir ali ekki upp fleiri einstaklinga sem eru á skjön við lög og reglur samfélagsins (Macvarish, 2014). Það kemur því ekki á óvart að þátttakendur eru oftast lágstéttarmæður (Holloway og Pimlott-Wilson, 2014). Millistéttarmæður sem hafa meiri tekjur og menntun hafa forskot á konur úr lágstétt. Þær og fjölskyldur

Þeirra hafa efni á að senda börnin sín á námskeið og borga fyrir aðstoð þegar þær geta ekki sinnt heimanámi barnanna sjálfar (Reay, 2017). Í því samhengi er áhugavert að menntaðar heimavinnandi millistéttarmæður lýsa heimilishaldi eins og atvinnurekstri þar sem þær eru framkvæmdastjórar (Orgid, 2019). Heimanám barnanna er þá eitt af verkefnum framkvæmdastjórans. Vinna mæðranna er þó ekki aðeins drifin áfram af metnaði fyrir að barninu gangi vel í skólanum heldur einnig af kvíða yfir að þær standi sig ekki í móðurhlutverkinu (Hutchison, 2012). Mikið liggur undir þar sem það er háð einkunnum barnanna hvort þau komast í góða skóla sem tryggja síðan að þau séu vel sett fyrir samkeppni á vinnumarkaði. Í vestrænum samfélögum, t.d. í Bretlandi, hefur bil á milli stétta verið að aukast sem þýðir að erfiðara er fyrir einstaklinga að færa sig upp um stétt (Reay, 2020).

Í vestrænum samfélögum hafa skilaboðin um hvernig beri að haga uppeldi barna verið tvíbent. Ýmist er lögð áhersla á hversu mikið aðhald og eftirlit börnin þurfa; hins vegar er lögð áhersla á að foreldrar megi ekki vefja börnin sín í bómull, því annars læri þau aldrei af mistökum sínum. Börn þurfi líka að fá tækifæri til að læra á heiminn upp á eigin spýtur (Lee o.fl., 2014). Fyrir foreldra er þetta vandratað einstigi. Fjölmíðlar flytja fréttir af þeim mörgu hættum sem börnunum eru búin: Skjátími, kyrrseta og skyndibitar svo fátt eitt sé nefnt. Macvarish (2014) bendir einnig á að vanræksla og ofbeldi nái nú yfir fleiri þætti en áður, t.d. þykir það dæmi um að foreldrar hafi brugðist ef holdafar barna fylgir ekki viðmiðum samfélagsins. Frank Furedi (2001) heldur því fram að foreldrar í vestrænum samfélögum séu orðnir vænisjúkir, þar sem þeir tortryggi allt og hafi stöðugar áhyggjur af börnum sínum. Skólaferðalög eru slegin af þar sem foreldrar óttast um öryggi barna sinna. Foreldrar, heldur hann fram, eru að missa kjarkinn því þeim finnst þeir stöðugt vera að bregðast börnunum sínum. Þeir eru því þjakaðir af kvíða og sektarkennd.

Á síðustu áratugum hefur kvíði foreldra ekki hvað síst snúið að skjánotkun barna. Rannsóknir benda til þess að sá kvíði hafi verið að aukast enda hefur tækni og efni sem börn hafa aðgang að breyst hratt (Livingstone, 2017; Livingstone og Sefton-Green, 2016). Sonia Livingstone (2017) bendir á að umhverfi barna sé í auknum mæli að verða stafrænt og tölvur gegni mikilvægu hlutverki í námi þeirra og afþreyingu. Foreldrar hafa verið hvattir til að fylgjast vel með skjánotkun barna sinna og m.a. takmarka þann tíma sem þau hafa aðgang að hinum stafræna heimi. Livingstone (2017) bendir á að hömlur á aðgengi barna að tölvum og farsímum séu kannski ekki besta leiðin til að vernda þau heldur ætti að setja meiri ábyrgð á fyrirtækin og iðnaðinn sem hanna stafræna tölvuheiminn. Fyrirtækin eru í hvað bestri aðstöðu til að gera þann heim barnvænan og öruggan. Það sé svo í hendi stjórnvalda að hafa eftirlit með því að þau axli þá ábyrgð.

Foreldrar sinna ekki einungis barnauppeldi heldur bera yfirleitt einnig ábyrgð á heimilishaldi. Þar hafa mæður yfirleitt axlað mesta ábyrgð. Verk sem þarf að inna af hendi eru því marki brennd að þau þarf sífellt að endurtaka. Þrif og eldamennska eiga sér stað daglega og umönnun einstaklinga í fjölskyldum er stöðug (Nathanson, 2013). Fjölskyldur þurfa að komast að samkomulagi um verkaskiptingu, sérstaklega þegar báðir foreldrar eru útivinnandi. Það er engin skortur á sérfræðingum sem bjóða lausnir sem auka skilvirkni og bæta skipulag. Svo dæmi sé tekið þá var starfsmönnum Háskóla Íslands, sem hafa verið undir miklu álagi vegna heimsfaraldursins, nýlega boðið að taka námskeið sem hafði það að markmiði að „hjálpa til við að einfalda heimilisstörf“ og gera þau „bæði einfaldari og skemmtilegri“ (tölvupóstur til starfsmanna 8. október 2020). Þetta minnir óneitanlega á greiningu Binkley (2014) á hvernig hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar um skilvirka tímastjórnun sé nú einnig beint að persónulegu lífi fjölskyldna. Nathanson (2013) greindi vinsæla sjónvarpsþætti þar sem kenndar eru kerfisbundnar aðferðir til að takast á við óreiðu. Í þeim má sjá hvernig gott skipulag og skilvirkni eru talin forsenda þess að fjölskyldumeðlimir geti slakað á og notið samverustunda. Heimilin lýsa með öðrum orðum fjölskyldunum sem þar búa. Skilaboðin eru þau að óhamingjusamar fjölskyldur búi í óreiðu en hamingjusamar fjölskyldur í hreinum og vel skipulögðum híbýlum.

Færð hafa verið rök fyrir því að nýfrjálshyggjuvæðing foreldrahlutverksins þar sem foreldrar þurfa að stöðugt að stýra barninu og velja það besta fyrir það skapi ómanneskjulegt álag á foreldra, einkum mæður (Cappellini, Harman, Marilli og Parsons, 2019). Það ástand sem skapaðist vegna COVID-19

er áhugavert með hliðsjón af þessum hugmyndum, þar sem foreldrar þurftu að sinna fjölskyldu sinni við breyttar aðstæður og takast á við hættulega veiru sem ógnaði heilsu og öryggi heimilisfólks. Auknar kvartanir til barnaverndarnefndar og fréttir um aukið heimilisofbeldi sýna að margar fjölskyldur áttu erfitt með að höndla þetta álag (Barnaverndarstofa, 2020; Ingvar Þór Björnsson, 2020).

Aðferð

Til að safna gögnum í þessa rannsókn beittum við svokallaðri sögulokaaðferð (Auður Magnús Auðardóttir og Annadís G. Rúdólfsdóttir, 2020; Braun o.fl., 2019; Clarke, Hayfield, Moller og Tischner, 2017; Sólveig Sigurðardóttir og Annadís G. Rúdólfsdóttir, 2019). Aðferðin felur í sér að þátttakendur fá stutt upphaf að sögu sem þeir eru beðnir um að ljúka. Þeim eru ekki settar neinar skorður um hvernig þeir skrifa sögurnar en eru beðnir um að skila inn ákveðnum lágmarksorðafjölda til að rannsakendur hafi efni til að vinna með. Sögurnar eru skáldskapur og þykja þær því henta vel til að rannsaka viðkvæm málefni. Þátttakendur eru ekki beðnir um að lýsa eigin reynsluheimi og geta gert grein fyrir eldfimum eða viðkvæmum málefnum án þess að þau tengist persónu þeirra. Sögurnar eiga sér það þó allar sammerkt að byggja á hugmyndum sem þekktar eru í menningu og samfélagi þátttakanda. Þessi rannsókn snýr því ekki að því að meta sannleiksgildi sagnanna heldur greinum við þær hugmyndir og gildismat sem þar koma fram (Braun o.fl., 2019).

Auglýst var eftir þátttakendum á Facebook. Auglýsingarnar voru birtar í vinsælum hópum með mörgum meðlimum, t.d. „Vinna með stuttum fyrirvara“ og „Allt gefins“. Þátttakendum var beint inn á rafræna síðu þar sem þeir fengu nánari upplýsingar um rannsóknina. Þátttakendur voru upplýstir um að ekki væri hægt að rekja svör til þeirra; að þeir hefðu rétt á að sleppa að svara spurningum og gætu dregið sig úr rannsókninni með því að hafa samband við ábyrgðarmenn hennar. Nöfn þeirra sem tóku þátt voru ekki tengd við sögurnar sem við greindum. Clarke og félagar (2017) benda á að þessi aðferð vekir færri siðferðilegar spurningar en aðrar þar sem þátttakendur eru ekki spurðir um persónulegt líf sitt. Gagna var einnig aflað með rafrænum hætti sem auðveldar þátttakendum að draga sig út úr rannsókninni ef þeim finnst viðfangsefni hennar erfitt.

Þegar þátttakendur höfðu veitt upplýst samþykki og svarað bakgrunnsspurningum um hvernig þeir skilgreindu kyn sitt, menntun og tekjur voru þeir kynntir fyrir söguupphafinu. Upphaf sögu og spurningar sem tengdust hvorri sögu voru eins nema í helmingi sagnanna hét sögupersónan Sigríður og í hinum hlutanum Ólafur.

Sigríður/Ólafur á tvö börn á grunnskólaaldri. Eftir að samkomubann er sett á fær hún/hann tilkynningu frá skólanum um að þau fái aðeins tvær klukkustundir í skólanum annan hvern dag. Stuttu seinna senda umsjónarkennarar barnanna margar hugmyndir að verkefnum fyrir skólann sem þau geta unnið heima.

Lýstu næstu dögum í lífi Sigríðar/Ólafs. Þú getur haft þessar spurningar í huga ef þú vilt: Hvernig líður henni/honum? Hvernig líður börnunum? Hvað gerir hún/hann við verkefni frá kennurunum? Á hún/hann maka? Hvernig gengur fjölskyldulífið fyrir sig? Er hún/hann í vinnu? Hvernig gengur að samræma vinnu og einkalíf?

Alls tóku 97 þátttakendur þátt í rannsókninni. Sögurnar voru mismunandi að lengd, allt frá 68 að 1461 orði. Heildarorðafjöldi af sögum sem voru greindar var 32.779 orð. Nokkur kynjahalli var meðal þátttakenda en 82% voru konur, 14% karlar og 3% kynsegin. Meirihluti þátttakenda var með háskólamenntun eða 78% og flestir eða 82% á aldrinum 18–30 ára. Flestir eða 45% bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Hér er því fyrst og fremst um afmarkaðan hóp þjóðfélagsins að ræða, þ.e. konur með háskólamenntun sem búa í Reykjavík og nágrenni og verður að hafa það í huga við greiningu gagnanna.

Til að greina gögnin notuðum við þemagreiningaraðferð sem þróuð hefur verið af Braun og Clarke (2006). Þær hafa nýlega byrjað að vísa til þessarar aðferðar sem ígrundaðrar þemagreiningar (e. reflexive thematic analysis) til að skilja hana frá þeim fjölmörgu og ólíku tegundum þemagreiningar sem eru til staðar (Braun og Clarke, 2020; Terry, Hayfield, Clarke og Braun, 2017). Einkum breyttu þær heitinu til að undirstinga að rannsakendur verði að huga vel að því hvernig fræðilegt sjónarhorn og greining gagna fer saman (Braun og Clarke, 2020). Greiningin fól í sér að gögnin voru lesin vandlega með hliðsjón af rannsóknarspurningu og kóðuð. Kóðarnir voru vandlega yfirfarnir og þeir kóðar flokkaðir saman sem vísuðu í svipaðar hugmyndir. Út frá þeirri vinnu var komið með tillögu að þemum og þau skoðuð aftur út frá gögnunum áður en endanleg þemu voru sett fram. Í greiningunni lögðum við áherslu á að bera saman sögur þar sem sögupersónan var karl eða kona og skoðuðum vel hvernig þemun tengdust orðræðum um foreldrahlutverkið og heimanám. Þar sem fræðilega sjónarhornið var femínískt skoðuðum við einkum hvernig sú þekking sem vísað var í var kynjuð og einnig hvort félagsleg staða sögupersóna mótaði söguþráðinn og þá möguleika sem hún hafði til að sinna foreldrahlutverkinu. Þegar vitnað er í sögurnar í niðurstöðukaflanum er framsetningu þátttakenda fylgt eftir en textinn lagaður til þegar þarf til þess að auðveldara sé að lesa hann.

Niðurstöður

Sögurnar ber að lesa með það í huga að flestir höfundar þeirra eru millistéttarkonur með háskólamenntun. Sá hópur er þó áhugaverður þar sem hann er yfirleitt viðmiðið þegar rætt er um góða mæðrun.

Þátttakendur setja viðbrögð sögupersóna í samhengi við þann stuðning sem þær hafa aðgang að við að reka heimilið og sinna launaðri vinnu. Margir þátttakendur hafa kosið að skapa meiri spennu með því að sleppa öðru foreldrinu í sögunum sem þeir skrifa. Ýmist eru karlarnir ekklar eða konurnar fráskildar. Í mörgum sögum er maki gerður að starfsmanni í framlínustarfi sem gerir að verkum að hann getur ekki tekið þátt í heimilisstörfum og aðstoðað við heimanám. Það var líka áhugavert hversu oft var minnst á að börnin væru með greiningar eða fötlun sem gerðu foreldrum erfiðara um vik að sinna heimanáminu.

Þemun sem við greindum voru: 1) Togstreitan um tímann, 2) Glíman við heimanámið: Endurmat og (ó)sigrar og 3) Bugaðir foreldrar rísa upp gegn óraunhæfum kröfum.

(1) Togstreitan um tímann

Einn af rauðu þráðunum í gegnum sögurnar er umræða um tímann. Ýmist líður hann hægt og í leiðindum rétt eins og allir dagar mánaðarins væru „föstudagurinn langi“ eða foreldrar finna sárlega fyrir tímaskorti til að ná yfir öll verkefni dagsins, þar með talið heimanámið. Söguhetjur sem upplifa þetta tímabil sem langdregið og leiðigjarnt eru yfirleitt foreldrar sem eru heima en geta ekki sinnt vinnu sinni þar. Sögupersónur sem þurfa að sinna vinnu og börnum kvarta í sögunum yfir að skorta tíma og eiga erfitt með að sinna heimanámi barnanna.

Nathanson (2013) bendir á að tíminn sem foreldrar hafa til umræða sé eitt af stórum kynjapólitískum málum samtímans og sögurnar bera vitni um það. Í sögunum eru það einkum mæður sem eru í tímaþröng en einnig einstæðir foreldrar af báðum kynjum. Heimanám barnanna meðan takmarkanir vegna COVID-19 voru í hámarki var hrein viðbót við þá vinnu sem foreldrar sinntu þegar. Margar sögur lýsa þessari viðbótarvinnu sem verulega íþyngjandi og óraunhæfri, sérstaklega þegar foreldri ætlaði að reka heimilið eins og það væri skóli:

Núna voru tvær vikur liðnar af samkomubanninu og Sigga var búin að vera með heimaskóla alla dagana og reyna að halda þeim við efnið. Það var samt hægara sagt en gert. Ekki nóg með að hún þyrfti að vera heima allan daginn og vinna auk þess að sinna tvíburunum með öllu því drasli og havarii sem því fylgdi heldur þyrfti hún núna að vera heima með þetta

dagskrá fyrir þau þann tíma sem þau voru ekki í skólanum sem hún þyrfti sjálf að taka þátt í miklu leyti. Þetta hefði kannski ekki verið svo slæmt ef ekki hefði komið póstur frá íþróttafélaginu um að núna yrðu send æfingavídeó sem öll fjölskyldan gæti tekið þátt í og frá tónlistarskólanum að það yrði fjarkennsla. Allt þetta á vinnutíma.

Sögurnar lýsa hvernig þessar auknu kröfur til foreldra kalla á yfirlegu og skipulag sem oftast lendir á herðum móðurinnar. Nýta þarf hverja mínútu vel, móðirin þarf að vera þaulskipulögð en um leið ógnar „drasl og havari“ því að slíkt verði að veruleika. Þetta þema tengist skilaboðum nýfrjálsbyggjuhugmynda um að skilvirk tímastjórnun eigi ekki aðeins við í atvinnulífi og skóla heldur einnig inni á heimilum okkar (Binkley, 2014). Þessar niðurstöður eiga sér einnig samhljóm með niðurstöðum úr rannsókn Andreu Hjálmsdóttur og Valgerðar S. Bjarnadóttur (2020) sem greindu dagbókarskrif íslenskra mæðra meðan á samkomubanni stóð vorið 2020. Þar kom í ljós að iðulega lenti það á herðum mæðra að verða eins konar verkstjórar með yfirsýn á nýtingu tímans og að skipuleggja vinnu annarra á heimilinu. Í eftirfarandi sögubroti er móðirin einmitt verkstjóri með yfirsýn á skipulag dagsins en axlar um leið ábyrgð á að heimanámið eigi sér stað. Hún kann að nýta tímann og bæði nær skikki yfir heimanám barnanna og nær að sannfæra föðurinn um að hann þurfi líka að leggja sitt af mörkum:

Sigga hefur tamið sér að vera skipulögð og sér fljótlega að það þurfi að búa til skýran ramma um heimavinnu barnanna og eins verkaskiptingu þeirra hjónanna. Hún leggur því fyrir Nonna manninn sinn drög að skipulagi þar sem börnin vinna heimavinnuna sem sett var fyrir frá kennurum þeirra og skiptir á þau hjónin umsjón með heimavinnunni. Nonni er ekki spenntur þar sem hans hluti af umsjón með börnunum verður að vera eftir hans vinnudag. Sigga bendir honum á að hún sé enn að vinna fullan vinnudag og jafnvel meira en venjulega þar sem fjarkennslan krefst viðbótarskipulags og stundum að umturna kennsluáætlunum og endurskapa. Þau ná að ræða um málið og sættast á að þau verði að gera það besta í þeim óvenjulegu aðstæðum sem eru uppi.

Í textabrotinu á undan og nokkrum öðrum sögum er því lýst hvernig tíminn verður bitbein foreldra. Góð tímastjórnun gerir ekki aðeins heimanám mögulegt heldur getur bjargað sambandi foreldra. Textabrotið sýnir einnig hvernig tími móðurinnar togast á milli húsverka og launaðrar atvinnu – og í miðjunni stendur eiginmaðurinn Nonni sem ekki áttar sig á þessari togstreitu sem Sigga upplifir. Femínískt fræðafólk hefur enda löngum bent á ósýnileika húsverka og hvernig þau eru í eðli sínu endurtekningasöm og einhæf (Nathanson, 2013). Í textabrotinu hér að ofan má segja að skilningsleysi Nonna byggir einmitt á þessari sýn á húsverk. Þannig afhjúpar sagan fátíð (e. panic) sem einkennir líf kvenna sem þurfa að skipta tíma sínum á milli húsverka og atvinnu (Nathanson, 2013). Um leið snýr sagan einnig að pirringi mæðra í garð fedra sem þeim finnst ekki vera að standa sig (Auður Magnús Auðardóttir og Annadís G. Rúdólfsdóttir, 2020). Undirliggjandi ádeilu á fedur sem ekki axla ábyrgð má sjá í nokkrum sögum:

Hann hefur alltaf verið „skemmtilegi pabbinn“ sem er meiri félagi en uppalandi. Seinasta vetur hefur hann þurft að taka meiri ábyrgð á uppeldi sona sinna sem gengur hálfbrösulega þar sem hann á erfitt með að hafa yfirsýn yfir allt sem þarf að gera. Hann vorkennir sjálfum sér og nennir þessu ekki.

Sögurnar lýsa hvernig góðir foreldrar forgangsraða tíma sínum börnunum í hag og í sumum sögum er því lýst hvernig launaða vinnan er látin víkja fyrir þörfum heimilisins:

Sigríður vekur börnin á slaginu sjö alla daga meðan á samkomubanni stendur. Hún verður auðvitað að halda öllu í röð og reglu enda eru blessið börnin viðuráðanlegri, ja eins og við öll, ef haldið er í ákveðna rútinu á þessum viðsjárverðu tímum. [...] Sigríður er reyndar löngu búin að fatta að það er eiginlega ekki hægt að vinna í fjarvinnu með börnin heima. Þess vegna hefur hún ákveðið að nýta þennan tíma til gæðastunda með börnunum eftir að þau hafa lokið við heimanámið.

Sigríður er í sögubrotinu hér að ofan einstæð móðir sem á að sinna fjarvinnu heima en öðlast ekki ró og hamingju fyrr en hún hættir að vinna á vökutíma barnanna. Tíminn með börnunum eru „gæðastundirnar“. Sagan kristallar bæði togstreituna um tímann á milli barnaupveldis og atvinnu en líka hversu mikilvægt er að hin hæfa móðir sé öguð og skipulögð, vakni á slaginu klukkan sjö á hverjum morgni og haldi öllu í röð og reglu. Þá nýtir hún tímann einnig til fulls en hér í þágu barnanna, hún forgangsraðar þeim fram yfir atvinnu sína. Atvinnunni er ýtt út á jaðar dagsins, eftir að húsverk og börn hafa fengið forgang. Togstreitan um tíma mæðra (Nathanson, 2013) er leyst með ögun og skipulagningu. Tíminn sem fer í að vinna með börnum heima tekur því sinn toll. Tíminn er ekki ótakmörkuð auðlind og sögurnar undirstrika hversu nærri sér söguhetjan gengur til þess að tryggja að börnin geti lært heima:

Til þess að bregðast við þessum nýja veruleika forgangsraðar hún þannig að hún mætir í tímana sína á netinu og hjálpar börnunum með þeirra heimanám yfir daginn. Hún reynir að fara út með börnin einu sinni á dag, í göngutúr eða á leikvöll. Dagurinn er rammaður inn með máltíðum sem eru nokkurn veginn á sama tíma milli daga, önnur rútína er ekki uppi á teningnum. Eigið heimanám Sigríðar mætir afgangi þangað til börnin eru sofnuð. Hún vinnur oft fram á nótt og missir svefn.

Báðir foreldrar axla þessa ábyrgð en mæður eru þó meira áberandi í þessu hlutverki. Fjölskyldu- og heimilislífið verður nánast eins og excel-skjal þar sem öll verkefni eru færð inn og allt á sér sinn stað. Hvert verkefni hefur sér markmið og því minni tími sem foreldrið hefur, því hraðara verður það að vinna verkefnið. Þetta skapar kvíða og foreldrið lætur eigin þarfir sitja á hakanum. Nathanson (2013) vísar í þetta sem póstheminíska jafnvægislist. Með því á hún við að í samfélagi póstheminisma, þar sem við teljum okkur trú um að jafnrétti hafi verið náð og konur eru virkar í atvinnuþátttöku, séu mæður um leið undir gríðarlegum þrýstingi um að halda mörgum boltum á lofti samtímis. Þannig líti póstheminísk hugmyndafræði framhjá þeim tilfinningalega kostnaði sem konur bera af því að þurfa að bera ábyrgð bæði á heimilishaldi og atvinnu (Walkerdine o.fl., 2001). Við sjáum það í sögunum að þær fjalla meðal annars um þennan tilfinningalega kostnað, söguhetjan Sigríður missir þannig svefn og er áhyggjufull og kvíðin.

Þar sem aðalsöguhetjan er höfð einstæð skiptir það miklu máli til að allt gangi vel heima fyrir að hún sé skipulögð. Deginum er skipt upp í minni tímaeiningar sem eru eyrnamerkar mismunandi verkefnum, m.a. heimanámi, sem þarf að leysa. Skilvirknin og skipulagið sem Nathanson (2013) benti á eru hér til fyrirmyndar og hvort tveggja er talið til kosta góðra mæðra:

Sigríður kemst að því að það er ekki tekið út með sældinni að sinna starfi sínu ásamt því að hjálpa börnunum við heimanámið og láta heimilislífið ganga eðlilega fyrir sig. Þetta tekst þó þokkalega því Sigríður er skipulögð og byrjar að vinna eldsnemma á morgnana á meðan börnin fá að sofa út. Hún er von að byrja daginn snemma því fyrir samkomubann var hún von að fara í ræktina kl. sex á morgnana. Um tíuleytið, þegar börnin eru vöknud og búin að fá sér morgunmat, er Sigríður búin að ná fjögurra tíma vinnu og tekur sér pásu til þess að halda börnunum að verki við heimanámið.

Ólafur elskar að eyða tíma með börnum sínum, en er hræddur við að verða stressaður og að það hafi slæm áhrif á fjölskyldulíf þeirra. Ólafur getur unnið heima en makinn getur það ekki. Honum finnst mjög gott að vera virkari í skólalífi barnanna en hann fattar að hann getur ekki unnið þegar börnin eru líka heima. Hann getur þá ekki einbeitt sér og hann verður stundum reiður út af því. Hann reynir að búa til áætlun fyrir fjölskylduna, til að ná að vinna á daginn og ekki bara um kvöldin. Hann reynir að sannfæra makann að hjálpa til í húsinu og með börnin en þetta er mjög erfitt. Honum finnst hann vera mjög einn stundum en líst vel að á að vera nánari börnunum.

Eins og sjá má af seinna sögubrotinu glímdi Ólafur stundum einnig við togstreitu um tímann. Það vekur athygli að í þeirri sögu er óljóst af hvaða kyni makinn er. Ólafur nýtir tímann til hins ýtrasta og reynir að forgangsraða börnunum fram yfir atvinnu sína. Þarna skapar tímaleysið um leið togstreitu á milli sambúðaraðilanna.

Á heildina litið sjáum við að togstreitan um tímann er viðvarandi þráður í gegnum sögur þátttakenda. Togstreitan birtist bæði á milli heimilis og atvinnu og á milli foreldra. Einkum virðist mæðrum vera lýst þannig að þær búi við þessa togstreitu en þó eru dæmi um að Ólafur upplifi einnig kvíða og streitu vegna tímaskorts. Sögurnar gefa tilefni til að álykta að hvernig heimilisfólk, einkum mæður, verji tíma sínum, sé algengt bitbein í nútímafjölskyldum (Nathanson, 2013). Það er ekki síst mikilvægt að greina það og skilja nú á tímum kreppu, heimsfaraldurs og aukins álags á heimilum landsins.

(2) Glíman við heimanámið: Endurmat og (ó)sigrar

Þetta þema lýsir hvernig söguhetjunum finnst þær knúnar til að skilgreina og jafnvel endurskilgreina hlutverk sitt í menntun barnanna; ýmist ganga foreldrar inn í hlutverk kennarans eða ákveða að slaka á kröfum um heimanám. Tvennt virðist skipta máli þegar kemur að því hversu vel foreldri gengur að sinna heimanámi barna. Annars vegar að foreldri þurfi ekki að sinna launaðri vinnu á sama tíma og heimanámið á sér stað. Mikið álag hefur neikvæð áhrif á geðheilsu foreldris og skapar kvíða og sektarkennd. Hins vegar að það hafi þekkingu/menntun til að taka að sér heimanámið. Þemað opinberar hversu miklu máli félagsleg staða foreldris skiptir og hvort það hefur raunhæfar forsendur til að taka að sér heimanámið.

Sögurnar lýsa því að þegar ekki þarf að sinna vinnu heima fyrir gengur heimanámið ágætlega. Ýmist setja foreldrarnir upp eins konar skólastofu á heimilinu eða gera námið hluta af samverustund fjölskyldunnar. Samverustundirnar þjóna þá markmiðum námsins:

Pau fara í göngutúra um hverfið og skoða náttúruna – það er nefnilega skóli líka – og oftast en ekki baka þau saman, spila, púsla og njóta samverunnar.

Þegar vel tekst til lýsa sögurnar ánægju söguhetjunnar. Hún hefur náð að tengjast börnunum sínum betur og nýtur samverustunda með þeim. Í þeim sögum má oft einnig greina andóf gegn löngum vinnudegi foreldra og þeirri þéttu dagskrá sem venjulega einkennir líf fjölskyldunnar. Þær sögur eiga sér samhljóm með ýmsum rannsóknum sem gagnrýna jafnvægið milli vinnu og heimilis í nútímasamfélagi þar sem mæður vinna fulla vinnu en axla meiri ábyrgð heima en karlar (Ólöf Júlíusdóttir o.fl., 2018; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Ólöf Júlíusdóttir, 2018). Breyttar aðstæður vekja foreldra til umhugsunar um hvernig heimilislífið gæti verið. Hin stífa dagskrá sem einkenndi fjölskyldulífið fyrir COVID-19 er kannski ekki af hinu góða. Með meiri tíma gefast tækifæri til að verja tíma með börnunum, m.a. við heimanámið.

Krakkarnir vildu teikna og fönndra, fara út að leika, fara að finna bangsa í göngutúr og gefa öndunum að borða. Foreldrarnir nýttu svo hugmyndir kennara til að vinna að á milli þess sem krakkarnir vildu helst gera. Fjölskyldunni leið vel á þessum tímum og töldu að þetta gerði samband þeirra á milli enn sterkara en það var fyrir tíma Covid.

Hlutirnir sem enginn í fjölskyldunni hafði áður orku í – langur vinnudagur hjá Sigríði og enn lengri dagur hjá börnunum með skóla, frístund, tónlistartímum og íþróttum fram eftir degi. Þegar heim var komið tók við úlfatími, allir þreyttir og pirraðir. Covid hefur svolítið læknað þetta, fátt er svo með öllu illt.

Eins og sjá má í textanum hér að ofan felur það að gera heimanám hluta af samverustund fjölskyldunnar oft í sér endurmat á því í hverju nám getur falist. Skipulagt heimanám er lagt á hilluna og/eða nám er endurskilgreint og felst nú ekki lengur í hefðbundnum lærdómi á forsendum skólans. Þær sögur virka sem ádeila á hugmyndina um að skilvirk og vel skipulögð heimili sem taka þátt í starfi skólans séu forsenda hamingjunnar (sjá Nathanson, 2013). Þess í stað er nám barnanna endurskilgreint út frá forsendum heimilisins og óskum barnanna. Nám barnanna getur jafnvel falist í tölvuleikjaspili, borðspilum með fjölskyldunni eða að fletta gömlum ljósmyndaalbúnum. Börnin og foreldrarnir eru hamingjusamari þegar þau fá að ráða sínum tíma sjálf – óháð ytri kröfum samfélagsins og skólans. Fleiri dæmi eru í sögunum um að hefðbundið bóknám, á forsendum skólans,

sé gagnrýnt og því úthýst. Hér koma þó einnig fram hugmyndir um að börnin þurfi stöðugt áreiti sem eflir þroska þeirra og að móðirin líti á það sem sitt verkefni að skapa slíkt umhverfi. Þetta er í samræmi við nýfrjálsbyggjuhugmyndir um að það sé í verkahring mæðra að þjálfa börnin sín í að verða fyrirmyndarþegnar. Samverustundin er verkefnaþing og með markmið sem þjónar tilgangi námsins (Walkerðine o.fl., 2001). Að slæpast er ekki af hinu góða:

Krakkarnir fengu áætlanir og heimaverkefni frá kennurum sínum og frekara heimanám gekk illa að motivera þau til að sinna. Þeim gengi vel og voru nánast of snögg að klára, það var svo vont að hafa þau aðgerðalaus að slæpast. Hún endaði með að prenta verkefnahefti út af netinu með óvenjulegum verkefnum sem reyndu á ýmsa færni og hún vonaði að væru skemmtileg. Síðan fann hún til hlekkis á 'virtual' safnaferðir og annað menningar- og listaefni sem nú var aðgengilegt og setti upp hóflegt húsverkaplan. Planið var að láta þau sinna smá verkefnum og smá húsverkum á hverjum degi og vona svo að frelsið skilaði sér í grúski og brasi sem þó væri uppbyggilegt a.m.k. að einhverju leyti. Óhefðbundið nám, það er dýrmætt líka.

Þó eru einnig dæmi um að óhefðbundið nám og uppbrot á skólaverkefnum sé aðeins gert mögulegt eftir að skyldum sem skólinn leggur á herðar foreldranna hefur verið sinnt:

Þar sem þeim hefur haldist vel á þessar tvær vikur sem liðnar eru þá eru verkefni frá skólanum búin. Sigríður sest því niður og býr til nýja stundaskrá. Nýja stundaskráin bíður á borðum barnanna daginn eftir og eru þau heldur hissa þegar þau sjá hana. Í dag er náttúrufræði og munu þau fara í fjöruna til þess, á morgun er sköpun og þá eiga þau að skapa daginn og það sem er best á stundatöflunni er klukkutími á dag þar sem þau mega hringja myndsímtal í vin og spjalla eða leika.

Það að Sigríður geti hér ekki búit til nýja stundaskrá fyrir en verkefni frá skólanum eru búin sýnir tangarhald hefðbundinnar skólavinnu á tíma foreldra og barna. Í þessari sögu spilar Sigríður mjög vel úr aðstæðum sínum. Hún sinnir ekki eingöngu hefðbundnu námi barnanna heldur líka óhefðbundnu námi og gerir það með skipulegum og skapandi hætti. Þannig er óhefðbundið nám í þessari sögu í raun ekki andóf gegn hefðbundnu námi heldur talar inn í þá mynd af hinni hæfu móður að hún sé sífelld að þjálfa barnið sitt til að verða besta útgáfan af sjálfu sér.

Bakgrunnur foreldris, þekking og menntun hefur einnig áhrif á hversu vel það getur sinnt hlutverki kennara. Nokkrar af sögunum lýsa hversu erfitt söguhetjan á með að setja sig inn í námsefni barnanna. Sjálfsnám foreldra bætist við þau mýmörgu verkefni sem þeir þurfa að sinna. Þeir hafa misjafnar forsendur til að taka við keflinu af kennara barna sinna. Þetta skapar þirring og sektarkennd:

Fyrsta daginn sem krakkarnir eru heima vaknar Sigríður full metnaðar og ætlar að koma krökkunum af stað í heimanámi og reyna svo að sinna vinnunni. Morgunninn byrjar ágætlega þó að krakkarnir hafi ekki séð tilganginn í því að klæða sig en eitt af öðru missa þau þolinmæðina. Sigríður þirrar sig á því að skilja námsefnið ekki nægilega vel og það fær hana til þess að finnast hún heimsk. Hvað hún vildi að kallinn væri heima sem er mikið betri í stærðfræði en hún! Íslenskan er sem betur fer auðveld.

Sigríður kann samt ekki þessa málfræði og man ekkert hvernig algebrureglurnar virka. Hún hleypur í tölvuna að rifja upp. Reynir sitt besta til að hjálpa en það er flókið að stíga inn í starf kennarans sem hún skildi hvort eð er aldrei sjálf í grunnskóla.

Þetta þema lýsir vel þeim hindrunum og lausnum sem foreldrar fundu til að gera heimanámi barna sinna skil. Að vera kennari er ekki hluti af starfslýsingu foreldra sem eru misjafnlega í stakk búinir, bæði vegna stöðu sinnar á vinnumarkaði og eigin menntunarbakgrunns, til þess að sinna heimanámi barna sinna. Þemað lýsir einnig ágætlega hversu vanmetin vinna kennara er þegar ætlast er til að foreldrar gangi í störf þeirra heima. Á bak við margar af sögunum má svo greina undirliggjandi kvíða um að foreldrið standi sig ekki í stykkinu við heimanám barnsins og það gæti ógnað velferð þess síðar meir.

(3) Bugaðir foreldrar rísa upp gegn óraunhæfum kröfum

Þetta þema tengist hinu fyrra en í nokkrum af þeim sögum sem sendar voru inn mátti greina andstöðu gegn óraunhæfum kröfum og þar með hinni andstyggilegu bjartsýni (Berlant, 2011) sem haldið er að þegnum nýfrjálsbyggjufélagsins. Sögurnar gera grein fyrir þeim ýmsu áhættuþáttum sem foreldrum er ætlað að hafa yfirsýn á vegna mögulegs skaða fyrir barnið. Þeir, einkum mæðurnar, eru hins vegar að bugast því þeir geta ekki stöðugt haft augastað á börnum sínum eins og nútímasamfélag virðist gera kröfu um (Furedi, 2001):

Börnin fengu meiri tíma í tölvuleikjum en vanalega en hún var of þreytt til að standa fast á þeim reglum.

Í nokkrum sögum er söguhetjan karl sem í fyrsta skipti finnur sig í því hlutverki að þurfa að sinna heimanámi barnanna auk vinnu, t.d. vegna þess að maki er í framlínustarfi. Þessari reynslu er lýst sem opinberun, vegna þeirrar vinnu sem umönnun barnanna krefst, en einnig á sér stað endurmat söguhetjunnar á eigin getu:

Ólafur hlakkaði fyrst til að takast á við þetta krefjandi verkefni – að vinna heima, en jafnframt fá tækifæri til að verja meiri tíma með börnum sínum og fá innsýn í námið þeirra. Hann gerði sig digran þegar hann spjallaði við vinina – sagði þeim að hann hefði verið svo góður í stærðfræði að það myndi nú ekki vefjast fyrir honum að hjálpa áttundabekkingnum með jöfnuhneppin. Konan hans hló – en á meðan kveið hún fyrir þessum tímum. Ólafur var svona maður sem bara gerði skemmtilegt. Ef hann eldaði, vaskaði hann ekki upp. Ef hann setti í þvottavél, braut hann ekki upp tauið. Á fyrstu vikunni setti Ólafur inn status á Facebook þar sem hann sagðist furða sig á því hvað við værum mikið að setja börnin okkar í geymslu og að femínistarnir hefðu gengið of langt með því að skípa börnum í leikskóla allan daginn. Eftir viku langaði Ólaf að kasta bókunum út um gluggann og henga bangsa í glugganum.

Í textabrotinu er Ólafur fyrst fullur eldmóðs og tilhlökkunar, hann myndi nú léttilega ráða við heimanámið sem jöfnuhneppin kristalla. Við sjáum í brotinu bæði endurmat Ólafs á getu sinni til að sinna börnunum en einnig undirliggjandi ádeilu á hinn óvirka föður sem ekki gerir sér grein fyrir þeirri vinnu sem liggur að baki aðstoð við heimanám og öðrum húsverkum. Jafnframt sýnir sagan hvernig sú vinna sem mæður inna oftast af hendi, t.d. að hafa umsjón með heimanámi barna, er iðulega vanmetin (sjá Capellini o.fl., 2019).

Sögurnar undirstrika að það að njóta samkomubannsins og samveru með fjölskyldunni eru forréttindi þeirra sem búa við fjárhagslegt öryggi, starfsöryggi og sveigjanleika í starfi sem einkennir störf millistéttar og efri stéttar (Reay, 1998). Kvíðinn um að standa sig ekki sem foreldri kemur vel í ljós hjá þeim sem ekki búa við þessar aðstæður. Foreldri þarf að velja á milli eigin heilsu, vinnunnar eða menntunar barnanna:

Það eina sem Sigríður veit er að þetta mun ekki ganga til lengdar. Eitthvað á eftir að láta undan, hvort sem það er menntun barnanna, vinnan eða geðheilsan.

Andóf felst í því að söguhetjurnar eru láttnar átta sig á að þær eru ekki í aðstæðum til að ná böndum yfir allar þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Þær leiða hjá sér hegðun hjá börnum sínum sem í nútímasamfélagi er álitin hættuleg eða skadleg. Foreldrar slá af kröfum sínum og leyfa barninu að skemmta sér yfir sjónvarpsefni og í tölvuleikjum. Þeir geta ekki sinnt hlutverki sínu á tvenns konar vettvangi samtímis. Sjónvarpið og skjárinn eru stundum hjálplegir umönnunaraðilar og gefa barninu einnig tækifæri til þess að verja tíma með félögum sínum.

Á milli þess sem Sigríður leikur grunnskólakennara svarar hún tölvupóstum og slekkur stafræna elda í vinnunni. Þannig líður dagurinn. Sigríður nær lítilli einbeitingu og börnin eru sjálfala í öllum þeim tækjum sem þau komast yfir. Annað barnið fær að fara í skólann. Hleypur út, spennt að losna af heimilinu. Hitt fær að leika sér. Frjáls leikur er ágætur, en með engan leikfélaga og meðvitað um innilokunina þá verður leikurinn heftari. Sigríður kemst á ról í vinnunni. Barnið biður um sjónvarp yfir hádegismatnum. Sigríður segir já.

Í sögunum benda þátttakendur í rannsókninni á hversu íþyngjandi eftirlits- og skemmtihlutverk foreldra getur verið. Þetta er í samræmi við gagnrýni erlendra rannsækenda t.d. Cappellini og félaga (2019):

Mjög góð móðir, en hún er mannleg og finnst erfitt að þurfa að sinna börnunum sínum allan sólarhringinn.

Sigríður er góð mamma, sem aðstoðar börnin eins og hún getur. Hún elskar þau mikið en þegar hún er þreytt hefur hún minni þolinmæði. Hún er byggð á raunverulegri manneskju.

Sigríður er gott foreldri en mannleg. Hún er af vilja gerð og reynir en lætur það fara í taugarnar á sér ef hlutirnir eru ekki uppá 10 og henni finnst hún vera að missa stjórnina í samkomubanninu.

Eins og sjá má af textabrotunum hér að framan er eins og þátttakendum sé í mun að þeir sem lesi sögurnar skilji að þessar kröfur eru raunverulegar og byggja á „raunverulegum aðstæðum“. Foreldrið, yfirleitt móðirin, elskar barnið sitt þó svo hún hafi ekki ávallt augastað á því. Í textabrotinu hér að neðan er því lýst hvernig Sigríður skammast sín fyrir að standa sig ekki og missa tökin á heimilinu, náminu og börnunum. Heimilið er allt í óreiðu og engin stjórn á börnunum. Velgengi annarra foreldra er stöðugt til sýnis á samfélagsmiðlum og gerir vanmátt og sektarkennd þeirra sem standast ekki þann samanburð ljósan. Eins og McRobbie (2013) bendir á ræður fyrirmyndarmóðirin ekki fullkomlega við öll sín verkefni:

Eftir hádegi ætla þau að halda áfram en krakkarnir missa þolinmæðina algjörlega og byrja að rífast. Sigríður fær engan vinnufrið. Kl. 12:30 eru allt húsið í drasli, barnaefni í gangi og bæði börnin í spjaldtölvunum. Þau reyna aftur á morgun hugsar Sigríður á meðan hún skammast sín yfir því að eiga ekki jafn auðvelt með þetta og Anna sem setti inn mynd á samfélagsmiðla fyrr um morguninn og virtist hafa þetta allt saman á hreinu – húsið og nám barnanna!

Í sögum sem lýstu bugun foreldra var söguhetjan oft einstætt foreldri eða foreldri sem þurfti að sinna fjölskyldu eitt vegna þess að maki var í framlínustarfi eða var óvirkur (yfirleitt feður). Söguhetjurnar í þeim sögum gagnrýndu þær kröfur sem gerðar eru til fjölskyldna. Þær miðuðu sig ekki við fyrirmyndarfjölskyldurnar sem skrifa um afrek sín á samfélagsmiðlum heldur settu sér raunhæf markmið. Söguhetjan nær innri ró með því einfaldlega að sætta sig við óreiðuna og blása á kröfur samfélagsins um fyrirmyndarheimili (Nathanson, 2013). Nýja „óreiðuskipulagið“ er fjölskyldu- og barnvænt:

Það er meiri friður á heimilinu þegar börnin fá að ráða tíma sínum sjálf, meðan passað er upp á matartíma og háttatíma. Einhvern veginn finna þau sig í þessu nýja skipulagi. Suma daga fer Úlfhildur meira að segja í brjóstahaldara og malar sig og Ólafur rakar sig og fer úr náttbuxunum. Fjölskyldan finnur nýjan takt og fer að njóta þess að það sé minna að gera en venjulega. Þau taka stundum fram gömul spil og fá jafnvel börnin til að spila. Þau finna gömul myndaalbúm og skoða saman.

Vikurnar teygjast áfram og skipulagið fallega er komið út í bílskúr. Nú eru allir bara að reyna að lifa af. Hjónin reyna að viðra sig og börnin reglulega, en veðrið er ekki að hjálpa til. Þau leyfa þeim að vera allt of mikið í tölvuleikjum og krossa fingur og vona að það sé eitthvað lærdómsríkt í einhverjum þeirra.

„Skipulagið fallega“ er hér tákmynd fyrir þær kröfur sem fjölskyldan reynir að laga sig að, hefðbundið heimanám, hollur matur og svo framvegis. Þannig eru söguhetjurnar í virkri andstöðu gegn ómanneskjulegum kröfum samfélagsins til þeirra sem foreldra (Cappellini o.fl., 2019) og jafnframt orðræðunni um að foreldrar verði að aðstoða börnin við það nám sem skólinn skilgreinir sem mikilvægt. Söguhetjur horfast í augu við að þær kröfur sem gerðar eru til þeirra leiði ekki endilega til hamingjuríkara heimilislífs. Þvert á móti láta þær foreldra finna til vanmáttar. Hamingjuhandrit nýfrjálshyggjunnar (Berlant, 2011) gengur ekki upp fyrir foreldra. Kannski má finna aðrar leiðir til að skilgreina hver „besta útgáfan“ af barninu og foreldrinu er. Hana er ekki að finna hjá úrvinda foreldri og barni.

Lokaorð

Í þessari grein höfum við gert grein fyrir nokkrum af þeim þemum sem birtast í sögulokagögnum um foreldravinnu á tímum heimsfaraldurs og skerts skólastarfs. Áður höfum við fjallað um sömu gögn og meðal annars greint með nánari hætti togstreitu á milli mæðra og fedra og áhrif hugmyndafræði nýfrjálshyggju á heimilislíf (Auður Magnús Auðardóttir og Annadís G. Rúðólfsdóttir, 2020). Þau þemu sem við höfum greint hér hverfast um togstreitu um tímann, glímu foreldra við heimanámið og uppreisn gegn þrúgandi kröfum nýfrjálshyggjuvæðingar foreldrahlutverksins. Ljóst er að sögulokin sem þátttakendur skálduðu bera þess merki að hafa orðið til í þjóðfélagi þar sem kröfur til útivinnandi foreldra eru miklar og jukust enn á tímum skerts skólastarfs vorið 2020. Athygli vekur að í þriðju bylgju faraldursins hérlendis, í október 2020, ákváðu yfirvöld að skerða ekki leik- og grunnskólastarf vegna þeirrar miklu röskunar sem það hefði í för með sér fyrir samfélagið í heild. Þessi röskun var e.t.v. ekki fyrirsjáanleg þegar skólastarf var skert vorið 2020 en reynsla, og m.a. gögn úr þessari rannsókn og rannsókn Andreu Hjálmsdóttur og Valgerðar S. Bjarnadóttur (2020), sýna að hún var veruleg.

Niðurstöður rannsóknar okkar sýna að togstreita um tíma á heimilum barnafjölskyldna er yfir og allt um kring í sögum þátttakenda okkar. Tíminn verður að bitbeini, bæði á milli atvinnu og heimilisstarfa en einnig á milli sambúðaraðila. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna að tími og hvernig hann er notaður er kynjapolítískt mál sem snertir kjarna félagslegs réttlætis í þjóðfélaginu. Jafnvel í þjóðfélagi sem telur sig nánast hafa náð fullu kynjajafnrétti er mikill þrýstingur á foreldra, einkum mæður, að halda mörgum boltum á lofti án nokkurra hnökra eða yfirsjónar. Foreldrinu getur ekki annað en mistekist og þeirri tilhugsun fylgir kvíði og skömm. Slík orðræða er einnig hluti af nýfrjálshyggjuvæðingu sem elur á fullkomunarhyggju en þar verða mæður í millistétt einkum fyrir barðinu (McRobbie, 2013).

Hverri orðræðu fylgir einnig gagn-orðræða þar sem meginstraumshugmyndir eru gagnrýndar, gert að þeim grín eða þær þagðar í hel. Þetta sjáum við einnig í gögnum þar sem söguhetjurnar endurskilgreina hlutverk sín sem foreldrar. Í þeim sögum ákveða söguhetjurnar að njóta samkomubannsins og þess friðar sem það færir þeim. Ljóst er að slíkt er þó ekki í boði fyrir alla foreldra heldur er eingöngu aðgengilegt þeim sem mest auðmagn hafa í formi tíma, áhyggjuleysis, sveigjanleika í vinnu, geðheilsu og líkamlegrar heilsu.

Eins og fram hefur komið voru það einkum háskólamenntaðar konur sem tóku þátt í rannsókninni. Sögurnar gefa því fyrst og fremst innsýn í þær orðræður og þá þekkingu sem eru aðgengilegar þessum hópi þegar hann skáldar upp sögur um foreldrahlutverkið á tímum COVID-19. Það er þessi þekking og það gildismat sem hún felur í sér sem við höfðum áhuga á að greina. Það var þó athyglisvert hversu sterkar tilfinningar komu fram í sögunum. Tilfinningarnar voru bæði jákvæðar þegar lýst var ánægju foreldrisins af að ná að standa sig en einnig neikvæðar og þá einkum sem gremja en einnig kvíði. Þessar sterku tilfinningar mætti túlka sem svo að þátttakendur séu í einhverjum tilfellum að vísa í reynslu sem þeir þekktu til og virtust tengja við. Áhugavert hefði þó verið að fá betur fram sjónarhorn karla og einstaklinga af lægri stéttum í þessari rannsókn, greina í hvers konar aðstæður þau myndu setja sögupersónuna og hvernig þau tengja við ríkjandi orðræður samfélagsins um hlutverk foreldra – þá einkum kröfur um aukna þátttöku karla/fedra í barnauppleði.

Niðurstöður okkar gefa til kynna að COVID-19 faraldurinn hafi afhjúpað hversu misvel heimilin eru í stakk búin til að sinna þeim miklu kröfum sem gerðar eru til þeirra. Við viljum meina að slíkt eigi ekki eingöngu við á tímum heimsfaraldurs og skerts skólastarfs þó það ástand hafi vissulega ýkt kröfurnar og togstreituna. Foreldravinna, heimilishald og togstreitan um tímann eru kynjapólitísk mál og lykillinn að því að Ísland færist í átt að auknu jafnrétti kynjanna felst ekki síst í að við berum kennsl á þau sem slík. Til að það gerist þarf að rýna betur í þær orðræður sem hlutverk foreldra eru skilgreind út frá, t.d. af skólakerfinu og vinnumarkaðinum. Það þarf einnig að taka tillit til þeirra forsendna sem foreldrar hafa til að koma til móts við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, t.d. út frá þeirra eigin félagslega bakgrunni og stöðu. Nýfrjálshyggjuorðræðan, sem hampar framtakssemi einstaklingsins og markaðslausnum, skautar yfir þær kerfislægu hindranir sem foreldrar mæta vegna félagslegrar stöðu. Hún lítur einnig framhjá því hversu sterk ítök hefðbundnar kynjaðar orðræður um foreldrahlutverkið hafa þar sem enn virðist þykja sjálfsagt að konur forgangsraði á annan hátt en karlar.

Þakkir

Við þökkum Háskólasjóði fyrir að styrkja þessa rannsókn.

“The time-plan has been ousted and is now in the garage”: Family life and homework in stories about COVID-19

In Western societies the role of the parent has increasingly been framed by neoliberal discourses. The focus is on the parent, especially the professional middle-class mother, as an entrepreneur who makes choices and trains the child with an eye to how it can maximize its potential and become a good citizen. This places a strain on parents, especially working mothers, who juggle their parenting responsibilities with their work outside the home. The COVID-19 epidemic upset these juggling acts and the fine-tuned daily rhythms of many families. In April, 2020, when the study took place, Iceland was in semi-lockdown, with schools running at limited capacity and a ban of gatherings of more than 20 people. Furthermore, many parents did not have access to their usual support in terms of childcare. These times without “precedent” thus provided an interesting moment to explore constructions of parenting, especially in relation to parents’ role in their children’s education and how at times contradictory demands from the home and work were met.

This article adopts a feminist poststructuralist perspective to analyse ideas about parenting roles in relation to children’s homework during the COVID-19 epidemic in Iceland. Data was collected using the story-completion method during the period April 7–24, 2020, when a national emergency had been declared in Iceland because of the Corona virus. The story completion method is useful as it provides insight into the sociocultural ideas and discourses people draw on when making sense of a topic. The participants were approached on social media where they were provided with a link directing them to the task on Qualtrics. There the participants were randomly presented with either of two different story stems and asked to complete a story. In the first story stem the main fictional character is a mother who is informed that her children will only be able to stay 2 hours per day at school and she is sent ideas for homework to work on with her children. The other story stem is identical except the main character is a father. In total, 97 stories were collected. The majority of the participants who submitted stories were middle-class, university-educated women and the stories have to be interpreted with that in mind. However, they are an interesting group as they are usually considered to set the norm for good mothering. A recurrent idea running through all the stories

we collected was how parents tackled the many demands placed on them and how parental excellence was defined either in alignment with or in resistance to the dominant neoliberal discourse. The analysis resulted in 3 themes: (1) Finding the time: In this theme time is defined as a gendered resource where mothers experience more demands on their time. Lack of time calls for management skills as revealed, for example, in the making of detailed schedules and time-plans for all family members where each task is listed and organized. (2) The struggle with homework: Re-evaluation, success and failures. The parents' social status, for example level of education and marital status, plays a part in how realistic it is for them to supervise their child's homework. The parent who fails experiences feelings of guilt and shame. The parent who succeeds often does so at the expense of vital time for paid work. (3) Overburdened parents resist unrealistic demands. This theme describes how parents in the stories are made to question the neoliberal ideas that good parenting entails a constant awareness of risks to the child and its development. The stories describe the pleasure taken in untidy homes and education that does not follow the school curriculum but rather the rhythm of the home. Overall, the themes shed important light on the pressures parents face in modern society and their anxious investment in discourses of parenting where they feel their children's and their own well-being is on the line. They also pinpoint how important it is to place unrealistic demands on parents in a social and discursive perspective rather than framing them as the responsibility of already overburdened parents. Only by doing so can we work towards social justice and equality in our society.

Key words: Parenting, homework, neoliberalism, COVID-19, story-completion method

Um höfunda

Annadís Greta Rúdólfsdóttir (annadis@hi.is) er dósent í aðferðafræði rannsókna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands 1989, MSc-gráðu í félagssálfræði frá London School of Economics and Political Science árið 1990 og loks doktorsgráðu frá sama skóla í félagssálfræði árið 1997. Rannsóknasvið hennar snúa að mótun kyngervis ungmenna og móðurhlutverkinu.

Auður Magnús Auðardóttir (ama@hi.is) er aðjúnkt og doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sérþekking hennar og rannsóknir snúa meðal annars að kynjafræði, hinseginfræði og félagsfræði menntunar með áherslu á stétt, skólalaval og markaðshyggju.

About the authors

Annadís Greta Rúdólfsdóttir (annadis@hi.is) is an Associate Professor in Research Methodology in the School of Education at the University of Iceland. She completed a BA in Psychology from the University of Iceland in 1989, an MSc in Social Psychology from the London School of Economics in 1990 and a PhD in Social Psychology from the same school in 1997. Her research has focused on constructions of gender, youth and motherhood.

Auður Magnús Auðardóttir (ama@hi.is) is an adjunct lecturer and a PhD candidate at the School of Education, University of Iceland. Her research interests involve gender studies, queer studies and sociology of education with an emphasis on class, school choice and marketization.

Heimildir

- Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir. (2020). “I have turned into a foreman here at home”: Families and work-life balance in times of COVID-19 in a gender equality paradise. *Gender, Work and Organization*. doi:10.1111/gwao.12552
- Auður Magnús Auðardóttir og Annadís G. Rúdólfsdóttir. (2020). “Chaos ruined the children’s sleep, diet and behaviour”: Gendered discourses on family life in pandemic times. *Gender, Work and Organization*. doi:10.1111/gwao.12519
- Auður Magnús Auðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2020). Even in Iceland? Exploring mothers’ narratives on neighbourhood choice in a perceived classless and feminist utopia. *Children’s Geographies*. doi:10.1080/14733285.2020.1822515
- Auður Magnús Auðardóttir og Kosunen, S. (2020). Choosing private compulsory schools: A means for class distinctions or responsible parenting? *Research in Comparative and International Education*, 15(2), 97–115.
- Ásta Jóhannsdóttir. (2018). *Gender identities in gender equal Iceland: Possibilities and limitations in the performance of gender among young people in Reykjavík 2012–2016* (óútgefin doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Ball, S. J., Bowe, R. og Gewirtz, S. (1996). School choice, social class and distinction: The realization of social advantage in education. *Journal of Education Policy*, 11(1), 89–112. doi:10.1080/02680939601101010
- Barnaverndarstofa. (2020, 3. nóvember). Greining á tölulegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum. Sótt af <https://www.bvs.is/tolfraedi-og-utgefni-efni/frettir/frettasafn/greining-a-tolulegum-upplýsingum-fra-barnaverndarnefndum-1>
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir og Kolbeinn Stefánsson. (2020). Dreifing efnahags- og menntunaraúðs meðal foreldra í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins 1997–2016. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 16(2), 285–308. doi:10.13177/irpa.a.2020.16.2.10
- Berlant, L. (2011). *Cruel optimism*. Durham: Duke University Press.
- Binkley, S. (2014). *Happiness as enterprise. An essay on neoliberal life*. Albany: State University of New York Press.
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. doi:10.1191/1478088706qp063oa
- Braun, V. og Clarke, V. (2020). One size fits all? What counts as quality practice in (reflexive) thematic analysis? *Qualitative Research in Psychology*, 1–25. doi:10.1080/14780887.2020.1769238
- Braun, V., Clarke, V., Hayfield, N., Frith, H., Malson, H., Moller, N. og Shah-Beckley, I. (2019). Qualitative story completion: Possibilities and potential pitfalls. *Qualitative Research in Psychology*, 16(1), 136–155. doi:10.1080/14780887.2018.1536395
- Byrne, B. (2006). In search of a ‘good mix’: ‘Race’, class, gender and practices of mothering. *Sociology: The Journal of the British Sociological Association*, 40(6), 1001–1017. doi:10.1177/0038038506069841
- Cabanas, E. og Illouz, E. (2019). *Manufacturing happy citizens: How the science and industry of happiness control our lives*. Cambridge: Polity Press.
- Cappellini, B., Harman, V., Marilli, A. og Parsons, E. (2019). Intensive mothering in hard times: Foucauldian ethical self-formation and cruel optimism. *Journal of Consumer Culture*, 19(4), 469–492. doi:10.1177/1469540519872067
- Clarke, V., Hayfield, N., Moller, N. og Tischner, I. (2017). Once upon a time ... Qualitative story completions. Í V. Braun, V. Clarke og D. Gray (ritstjórar), *Collecting qualitative data: A practical guide to textual, media and virtual techniques* (bls. 45–71). Cambridge: Cambridge University Press.
- Furedi, F. (2001). *Paranoid parenting: Abandon your anxieties and be a good parent*. London: Allen Lane.
- Gewirtz, S. (2001). Cloning the Blairs: New Labour’s programme of the re-socialization of working-class parents. *Journal of Education Policy*, 16(4), 365–378.
- Gillies, V. (2007). *Marginalised mothers: Exploring working-class experiences of parenting*. London: Routledge.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Ólöf Júlíusdóttir. (2018). Reproducing gender roles through virtual work: The case of senior management. *International Journal of Media & Cultural Politics*, 14(1), 77–94. doi:10.1386/macp.14.1.77_1

- Guðný Gústafsdóttir. (2016). *Mediated through the mainstream: Image(s) of femininity and citizenship in contemporary Iceland 1980–2000* (óútgefin doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2009). *Within the aura of gender equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility: A holistic approach* (óútgefin doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Helgøy, I. og Homme, A. (2017). Increasing parental participation at school level: A ‘citizen to serve’ or a ‘customer to steer’? *Nordic Journal of Studies in Educational Policy*, 3(2), 144–154. doi:10.1080/20020317.2017.1343625
- Holloway, S. L. og Pimlott-Wilson, H. (2014). “Any advice is welcome isn’t it?”: Neoliberal parenting education, local mothering cultures, and social class. *Environment and Planning A: Economy and Space*, 46(1), 94–111. doi:10.1068/a45457
- Hutchison, K. (2012). A labour of love: Mothers, emotional capital and homework. *Gender and Education*, 24(2), 195–212. doi:10.1080/09540253.2011.602329
- Ingvar Þór Björnsson. (2020, 24. apríl). Um 30% fleiri tilkynningar um heimilisofbeldi. *RÚV*. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/2020/04/24/um-30-fleiri-tilkynningar-um-heimilisofbeldi>
- Kristín Jónsdóttir. (2013). Desirable parental participation in activities in compulsory schools. *Barn*, 4, 29–44. doi:10.1108/GM-03-2017-0028
- Lee, E., Bristow, J., Faircloth, C. og Macvarish, J. (2014). *Parenting culture studies*. London: Palgrave Macmillan.
- Livingstone, S. (2017, 5. desember). The evidence of the risk to children online. Sótt af <https://blogs.lse.ac.uk/mediase/2017/12/05/making-the-internet-a-safer-and-better-place-for-children/>
- Livingstone, S. og Sefton-Green, J. (2016). *The class living and learning in the digital age*. New York: New York University Press.
- Macvarish, J. (2014). The politics of parenting. Í E. Lee, J. Bristow, C. Faircloth og J. Macvarish (ritstjórar), *Parenting culture studies* (bls. 76–102). London: Palgrave Macmillan.
- McRobbie, A. (2009). *The aftermath of feminism: Gender, culture and social change*. London: Sage.
- McRobbie, A. (2013). Feminism, the family and the new ‘mediated’ maternalism. *New Formations*, 80, 119–137. doi.org/10.3898/newF.80/81.07.2013
- Nathanson, E. (2013). *Television and postfeminist housekeeping: No time for mother*. New York: Routledge.
- OECD. (e.d.). Employment: Labour force participation rate, by sex and age group. Sótt af <https://stats.oecd.org/index.aspx?queryid=54741>
- Oksala, J. (2013). Feminism and neoliberal governmentality. *Foucault Studies*, (16), 32–53. doi:10.22439/fs.v0i16.4116
- Olmedo, A. og Wilkins, A. (2016). Governing through parents: A genealogical enquiry of education policy and the construction of neoliberal subjectivities in England. *Discourse: Studies in the Cultural Politics of Education*, 38(4), 573–589.
- Orgid, S. (2019). *Heading home: Motherhood, work and the failed promise of equality*. New York: Columbia University Press.
- Ólöf Júlíusdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Þorgerður J. Einarsdóttir. (2018). Top managers and the gendered interplay of organizations and family life: The case of Iceland. *Gender in Management: An International Journal*, 33(8), 602–622.
- Reay, D. (1998). *Class work: Mothers’ involvement in their children’s primary schooling*. London: UCL Press.
- Reay, D. (2017). *Miseducation: Inequality, education and the working classes*. Bristol: Policy Press.
- Reay, D. (2020). The perils and penalties of meritocracy: Sanctioning inequalities and legitimating prejudice. *The Political Quarterly*, 91(2), 405–412. doi:10.1111/1467-923X.12829
- Rose, N. (1989). *Governing the soul: The shaping of the private self*. London: Routledge.
- Skeggs, B. og Wood, H. (2012). *Reacting to reality television: Performance, audience and value*. London: Routledge.
- Sólveig Sigurðardóttir og Annadís G. Rúdólfsson. (2019). „Þessi týpíska óörugga stelpa“: Greining á sögum ungra kvenna um holdafar og stefnumót. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/13.pdf>

- Staub, M. og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2020). Gender, agency, and time use among doctorate holders: The case of Iceland. *Time & Society*, 29(1), 143–165. doi:10.1177/0961463x19884481
- Terry, G., Hayfield, N., Clarke, V. og Braun, V. (2017). *Thematic analysis*. Í C. Willig og W. Stainton Rogers (ritstjórar), *The Sage handbook: Qualitative research in psychology*. London: Sage.
- Vincent, C. (2017). ‘The children have only got one education and you have to make sure it’s a good one’: Parenting and parent–school relations in a neoliberal age. *Gender and Education*, 29(5), 541–557. doi:10.1080/09540253.2016.1274387
- Walkerdine, V. og Lucey, H. (1988). *Democracy in the kitchen: Regulating mothers and socialising daughters*. London: Virago.
- Walkerdine, V., Lucey, H. og Melody, J. (2001). *Growing up girl. Psychosocial explorations of gender and class*. Hampshire: Palgrave.
- Þorgerður J. Einarsdóttir. (2020). All that glitters is not gold: Shrinking and bending gender equality in rankings and nation branding. *NORA - Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 28(2), 140–152. doi:10.1080/08038740.2020.1745884



Annadís Greta Rúðólfsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir. (2020).
Skipulagið er komið út í bílskúr: Fjölskyldulíf, heimanám og COVID-19
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19
Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/12.pdf
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.17>

